

Grænir skólar á Kjalarnesi

Þróunarverkefni á milli leikskólans Bergs og
Klébergsskóla



Guðrún Dögg Gunnarsdóttir

Katrín Cýrusdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Fræðilegur bakgrunnur	3
Umhverfismennt	3
Útinám	3
Listir	4
Markmið og lýsing á verkefninu	5
„Skoða heiminn“	6
Einbúi	6
Vallárgil	6
Klébergslækur	7
Runki	7
Hofsvík	7
Kléberg	7
Uppsetning og sýning	7
Veðurathuganir	8
Sáning	8
Rusl	9
Pappírsgerð	9
Fuglar	10
Útiöldun	11
Fjöruferð og listaverka samkeppni	11
Kynning	12
Mat og samantekt	12
Lokaorð	17
Heimildir	18

Inngangur

Hugmyndin var að fara af stað með þetta þróunarverkefni til að efla samstarf leik- og grunnskólans á Kjalarnesi. Klébergsskóli er skóli á Grænni grein en Berg flaggaði grænfána síðasta sumar, því var hugmyndin að byggja þetta samstarf á umhverfismennt, útinámi og listsköpun.

Þetta þróunarverkefni er tengt hugmynd sem kom fram í skýrslunni **Skólahald á Kjalarnesi**

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/skiol/Skyrsla_Kjalarnes_6sept2010.pdf

Við höfum horft til þessa magnaða umhverfis í kringum okkur; þar sem margbreytileg veðráttu ræður ríkjum, fjölskrúðugt fuglalíf, Esjan hinum megin við veginn, fjaran við lóðarmörkin og úfinn sær, ásamt sprellfjörugum læk.

Eins og komið er fram þá eru skólarnir báðir búnir að ganga í gegnum ferlið Skólar á grænni grein og byrjuðu þeir á að skoða það rusl sem hent er dagsdaglega í skólunum. Nú er það flokkað og því kjörið að taka næsta skref, sem er að skoða hvernig getum við minnkað það og endurnýtt það sem til fellur?

Búið er að gera þessa glæsilegu útikennslustofu, þar sem margskonar aðstaða er s.s. hlóðir til að kveikja eld, tylla sér, halda sýningu o.fl. Þar sem veðráttan er alveg mögnuð hér á Kjalarnesinu þá er um að gera leyfa börnunum að kynnast henni á sem fjölbreyttastan máta.

Í hugmyndavinnunni komu upp margar skemmtilegar hugmyndir en ekki tókst að framkvæma þær allar, en þó margar af þeim. Við kynntum okkur nokkur örnefni í nágrenninu, athuguðum veðráttuna hérna á Kjalarnesi, skoðuðum fuglalífið, pössuðum upp á umhverfið okkar með því að hirða upp úrgang, prófuðum að elda í útikennslustofunni okkar og margt fleira.



Fræðilegur bakgrunnur

Þau atriði sem ákveðið var að hafa að leiðarljósi við þetta verkefni var umhverfismennt þar sem við búum í umhverfi sem býður upp á svo marga möguleika og leggja þar áherslu á útinám og listir, í samræmi við þær stefnur sem eru hjá skólunum og koma fram í aðalnámsskrá.



Umhverfismennt

Umhverfismennt stuðlar að því að við verndum umhverfið okkar og berum umhyggju fyrir því. Með umhverfismennt er verið að leitast við að efla þekkingu, leikni og vilja til að leysa mál er varða náttúrulegt og manngert umhverfi. Í umhverfismennt felst bæði uppeldi og nám sem að fléttast inn í allt daglegt líf og allar námsgreinar (Þorvaldur Örn Árnason, 1998).



Við erum nú þannig gerð að við verndum helst það sem okkur þykir vænt um og þekkjum, því er mikilvægt að byrja snemma að kynna náttúruna og leyfa börnunum að fá að upplifa hana í sínu nánasta umhverfi. Þau þurfa að fá að upplifa hana með öllum sínum skynfærum, bæði það fagra og hreina, en einnig þau umhverfisvandamál sem steðja að til að geta greint þær hættur sem ber að varast (Þorvaldur Örn Árnason, 1998).



Útinám

Útinám er það kallað þegar við færum nám og leik út fyrir vegg skólans með skipulögðum hætti. Börnin komast þannig í snertingu við umhverfið og náttúruna og fá þannig að upplifa hlutina í raunverulegum aðstæðum með öllum sínum skilningarvitum. Öll námssvið skólans fléttast inn í útinámið og er því góður grundvöllur fyrir því að skólar setji markvisst inn í skipulag sitt að vera með útinám í boði fyrir börnin. Hin fræga setning uppeldisfrömuðarins John Dewey; „*Learning by doing*“ á vel við þegar rætt er um útinám. Útinám er það að læra með því að framkvæma og upplifa raunverulega hluti í raunverulegu umhverfi. Námið verður þannig alveg ljóslifandi og hluti af reynslu barnsins.



Útinám stuðlar að reynslu og upplifun sem gerir það að verkum að nemendur skilja námsefnið sitt betur. Mikill mismunur er hvort nemendur læra námsefni sitt úti eða inni. Þegar nemendur læra námsefni úti geta þeir verið að upplifa eitthvað af eigin raun sem er allt annar lærdómur heldur en að lesa um efnið í kennslubók. Þessi aðferð við kennslu er oft áhugaverð og nemendur eiga oft auðveldara með að tengja námsefnið við fyrri reynslu, sem og að byggja upp nýjan reynsluheim.

Listir

List er sköpunargáfa, þegar hlutir eru búnir til í þeim tilgangi að varpa ljósi á fegurð og mikilfengleika heimsins, tjá tilfinningar eða að aðrir fái að njóta verksins. List hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda eins og hellamálverkin sýna og telja sumir að list auki skilning okkar á umheiminum (Wikipedia, 2012.).

Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun barnsins og næmi þess fyrir umhverfinu. Börn hafa mikla þörf fyrir að skapa og gera það í leik sínum.

Í nýrri aðalnámsskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla er skapandi starf einn af fimm grunnþáttum menntunar, stoð sem umlykja skal allt skólastarf, einkenna samskipti og allt viðfangsefni allra námssviða í skólum landsins. Menning, listir og sköpunargáfa eru auk þess metin sem einn af átta lykilhæfnipáttum sem eru taldir nauðsynlegir til að viðkomandi geti lifað og unnið í sátt við sjálfan sig, hafi möguleika á að þróast í og með umhverfi sínu, og eigi möguleika á að bæta lífsskilyrði sín með því m.a. að geta tekið meðvitaðar ákvarðanir og haldið áfram námi (Aðalnámsskrá grunnskóla 2011, almennur hluti).

Í Vegvísi til listfræðslu (UNESCO 2006) segir: „Rannsóknir gefa til kynna að sé nemandinn virkjaður í listrænu starfi um leið og þættir úr hans eigin menningu eru fléttaðir með, þroskist hjá einstaklingnum sköpunarmáttur og frumkvæði, frjó hugsun, tilfinningaleg greind og siðrænt viðmið,



gagnrýn hugsun, sjálfstæði og frelsi til hugsunar og athafna.“

Markmið og lýsing á verkefninu

Markmiðið var að efla samstarf leik- og grunnskólana á Kjalarnesi, að beiðni Menntaráðs var komið af stað starfshópi sem fjallaði um skólahald á Kjalarnesi. Í skýrslu starfshópsins var lagt til að leikskólinn Berg og Klébergsskóli myndu endurskoða samstarf sitt með því að efla það og styrkja. Fundin voru spennandi verkefni þar sem við gætum unnið að sameiginlegum markmiðum með því að blanda saman elstu börnunum í leikskólanum og 1. bekk í grunnskólanum á Kjalarnesi.

Að nemendur kynnist nærumhverfi sínu, þar tókum við fyrir nokkur örnefni og skoðuðum veðráttuna sem við búum við hérna á Kjalarnesi. Einnig var farið í fuglaskoðunarferðir og athugað hvaða fugla við gætum fundið hérna í kringum skólana okkar og heimsóttum útikennslustofuna.

Flétta saman umhverfismennt og útinámi við listir og skapandi starf:

- Hreinsunaráttak, hvað á heima í náttúrunni og hvað ekki og af hverju verðum við að gæta þess að ekki sé gengið illa um umhverfið okkar og vinna eitthvað skapandi með það.
- Að nemendur gerir sér grein fyrir gullkistunni, fjörunni, þangað fórum við og gerðum listaverk úr því sem við fundum þar.
- Pappírsgerð að nemendur læri að nýta þann pappír sem til fellur, á heimilum og í skóla.
- Gróðursetning, að nemendur sái blómum o.fl. í það sem til fellur, eins og klósettrúllur og mjólkurfernur. Svo í framhaldinu er það síðan gróðursett úti í náttúrunni. Þau geri sér grein fyrir að um þetta þurfi að hugsa til að það verði að einhverju.
- Útiöldun, að nemendur læri að búa til kakó og pitsur yfir opnum eldi, og að nemendur geri sér grein fyrir hættunum við eldinn.



„Skoða heiminn“

Ákveðið var að kynna nokkur örnefni hérna í umhverfinu fyrir börnunum, þetta þótti okkur mjög spennandi verkefni þar sem það kom í ljós að mörg barnanna þekktu ekki okkar nánasta umhverfi. Valin voru nokkur örnefni í nágreni skólanna. Þau voru skoðuð á krotum sem og myndir af þeim. Farnar voru vettvangsferðir þar sem staðirnir voru skoðaðir nánar og teknar af þeim myndir, til þess að við gætum unnið með þessa staði þegar heim væri komið.

Unnið var í litlum hópum þar sem börnin teiknuðu myndir af stöðunum sem örnefnið áttu við og skrifuðu stutta lýsingu. Þetta var síðan bæði sett á skilti sem komið var fyrir úti á stöðunum sem við tókum fyrir og einnig sett í anddyri skólans í kringum kort af Kjalarnesi.

Það kom ýmislegt upp á sem varð til þess að þetta dróst lengur en til var ætlast og spilaði veður þar stóran þátt. Eitt skiptið lögðum við af stað í vettvangsferð í ágætis veðri en þegar komið var að næsta stað var komin blindhríð þannig að ekki sást út úr augum, svo ferðinni var frestað. En að lokum tókst þetta allt saman, sett voru saman skilti úr plötum og prikum og þau síðan rekin niður við staðina sem að við völdum.

Börnin voru mjög dugleg og áhugasöm um örnefnið og voru ekki lengi að læra um þau. Út úr þessu komu mjög skemmtilegar myndir og börnin fræddust um sitt nánasta umhverfi.

Einbúi

Einbúi er lítil kletthóll fyrir neðan Klébergsskóla. Einbúi dregur nafn sitt af einsetukarli sem er sagður hafa búið þar áður fyrr.

Vallárgil

Í hlíðum Esjunnar fyrir ofan bæinn Gil er bratt klettaskarð sem nefnist Vallárgil.



Klébergslækur

Klébergslækur er lækur sem rennur úr Vallárgili og niður í Hofsvík. Lækurinn er þó nokkur hluti af okkar daglega lífi þar sem flest okkar ganga yfir þennan læk þegar þau fara til og frá skóla.

Runki

Runki er klettur í Hofsvíkinni rétt fyrir utan Kléberg sem fer í kaf á flóði. Við áttum í smá erfiðleikum við að finna þennan klett, en að lokum tókst það, en þetta er lítill klettur þó nokkuð frá landi og sést rétt grilla í hann þegar það er fjara.

Hofsvík

Hofsvík er víkin frá Brimnesi að Kjalarnestá og Grundarhverfið stendur við.

Kléberg

Kléberg er allbrattur klettahöll, er skagar fram í Hofsvíkina beint fyrir neðan grunnskólann.

Uppsetning og sýning

Þegar búið var að setja saman skiltin og setja þau upp var haldið af stað í göngu til að hefta listaverkin og textann á. Við skiptum okkur upp í tvo hópa og fórum á alla staðina og komum verkunum fyrir.

Síðna var ákveðið að bjóða foreldrum í heimsókn til að skoða örnefnamerkingarnar. Mæting foreldra var góð og byrjuðum við á að hittast í kennslustofu nemenda um leið og skólinn byrjaði þar sem foreldrunum var sagt frá verkefninu.

Kortið í anddyri skólans þar sem örnefnin eru merkt inn á var skoðað fyrst áður en haldið var af stað út í myrkrið og staðirnir skoðaðir.

Það viðraði vel á okkur þennan dimma morgun, en við tókum vasaljós með svo hægt væri að lýsa á skilti það gerði þetta ekkert minna spennandi. Krakkarnir voru spenntir að sýna foreldrum sínum verkin sín og eins og einn hafði að orði í göngunni, „Pabbi, sjáðu við erum að skoða allan heiminn“.



Við þetta verkefni fengum við aðstoð hjá þeim sem vinna hjá Borgarvefsjá en þau útveguðu okkur kortið af Kjalarnesi sem við notuðum til að merkja staðina inn á, í laun fyrir það sendum við þeim þau örnefni sem að við notuðum til þess að bæta inn á kortin hjá Borgarvefsjá.

Veðurathuganir

Veðrið á Kjalarnesi er oft á milli tannanna á fólki, hér er víst alltaf mikið rok og af þess sökum er fólk sannfært um að hér sé ekki búandi. Við ákváðum að athuga hvort þetta væri rétt, með veðurathugunum. Við byrjuðum á því að skoða veðurtákn, þessi sem eru notuð í veðurfréttunum og út frá þeim var útbúinn gátlisti sem notaður var við þetta verkefni.

Það voru búnar til veifur sem notaðar voru til að athuga hvort væri vindur úti og úr hvaða átt hann kæmi. Í þær voru notuð prik sem við fundum og gömul sængurver.

Við fundum gamla dalla sem hægt var að nota til þess að mæla úrkomuna en þeir þurftu að vera þannig að vatnið gæti safnast saman í þá og við síðan mælt út hvað mikil úrkoma eða ofankoma safnaðist í þá.

Einnig voru settir upp hitamælur þar sem við gátum lesið hvert hitastigið væri.

Verkefnið fór þannig fram að við hittumst 2-3 í vikur og fórum út í garð með mælitækin okkar og mældum úrkomuna, athuguðum hvaðan vindurinn kom, hitastigið og hvernig veður og skýjarfar væri. Þetta skráðum við síðan allt saman niður á blöð¹ og bjuggum okkur til veðurdagbækur.

Sáning

Við báðum börnin og foreldra þeirra að safna mjólkurfernum, skyrdósum, klósettrúllum og öðru sem að við gátum notað til þess að sá í. Keypt var gróðurmold sem við settum svo í dallana og sáðum allskonar mismunandi fræ í. Síðan fylgdumst við með þessu vaxa og var mikil vinna í því að muna



¹ Sjá fylgiskjal 1

eftir að vökva þetta á hverjum degi, því þau þurfa vatn til þess að geta vaxið og dafnað.

Þegar plönturnar okkar hafa náð sér vel á strik og hlýnað hefur í veðri ætlum við að koma þeim fyrir í fallega garðinum okkar við leikskólann.

Rusl

Lagt var af stað niður á opna svæðið á milli skólana með fötur til að tína rusl í. Þegar þangað var komið voru börnin spurð hvað hægt væri að gera til að minnka rusl í náttúrunni. Svörin stóðu ekki á sér "tína upp ruslið, setja upp ruslafötur, setja upp skilti og benda fólki á að henda ekki rusli og hætta að henda rusli o.fl." Börnin áttu að tína ruslið á svæðinu og búa síðan til listaverk úr ruslinu. Börnin tíndu ruslið og settu í föturnar. Síðan var öllu ruslinu sturtað á sléttu flötina hjá leiktækinu. Börnin tíndu það rusl sem þau vildu nota og hófu listaverkasmíðina. Listaverkin urðu margvísleg og lögðu börnin mikið kapp í að gera þau sem flottust. Verkin voru síðan mynduð bak og fyrir og verkin rædd. Að lokum settum við allt ruslið í föturnar aftur og settum í ruslatunnuna. Það hefði verið ákjósanlegt að flokka síðan ruslið en það vannst ekki tími til þess.

Pappírsgerð

Við veltum fyrir okkur hvað við gætum gert við allan þennan pappír sem til fellur hjá okkur. Væri hægt að nýta hann í eitthvað annað, þó það væri búið að skrifa á hann, klippa eða krumpa?

Við ákváðum að prufa að endurvinna pappír með því að leggja hann í bleyti, tæta hann niður og gera pappamassa og búa síðan til nýjan pappír. Pappamassinn var settur í þar til gerðan ramma og síðan á þurrkur til þerris. En ramminn er notaður til þess að ná pappírnum ferköntuðum.

Eftir páska komum við saman aftur og teiknaðar voru sumarmyndir, þar sem sumardagurinn fyrsti var á næstu grösum og ákveðið var að þetta yrðu sumargjöf handa mömmu og pabba. Úr þessu komu margar skemmtilegar og sumarlegar myndir.



Þegar börnin voru spurð hvað væri sumar, komu mörg mismunandi svör:

- *Við förum í útilegu.*
- *Förum í frí.*
- *Gott veður.*
- *Stuttbuxur.*
- *Gróðurinn lifnar við.*

Enda kom upp úr krafsinu að langflestir teiknuðu litrík blóm og laufguð tré.

Fuglar

Áætlað var að koma saman í tölvustofu Klébergsskóla þar sem fara átti á fuglavefinn og skoða hina helstu fugla sem að við höfum séð hérna í kringum okkur á Kjalarnesinu. En því miður var tölvustofan upptekin þegar við ætluðum þangað svo fundnar voru myndir af fuglunum og farið yfir hvaða fuglar þetta væru.

Börnin þekktu marga fugla en þarna voru að finna, kríu, hrafn, maríuerlu, máf, heiðlóu, grágæs og fleira.

Síðan var haldið af stað í vettvangsferð, skiptum við okkur upp í tvo hópa og annar fór upp fyrir þjóðveg og hinn hópurinn fór í fjöruna. Krakkarnir voru mjög athugul og sáu þau orðið fugla allstaðar, meira að segja gamlir plastpokar breyttust í æðarfugla og máfa.

Það var mjög misjafnt hvaða fugla við fundum á ferð okkar. Þeir sem fóru upp fyrir þjóðveginn sáu, tjalda, lóur, stelka, grágæsir, sílamáfa og stara.

Þeir sem fóru í fjöruna sáu alveg helling af tjaldi en það er mjög mikið af honum í fjörunni okkar. Við fundum einnig mikið af sporum eftir hann sem var gaman að bera saman við okkar eigin spor. Þar sáuð við líka stelk á steini, mikið af æðarfugli einnig heyrðum við í honum, svo sáuð við nokkra máfa á flugi.

Á leiðinni heim gegnum við í gegnum íbúðarhverfið og sáuð þar skógarpröst upp í ljósastaur. Meira sáuð við nú ekki í þessari ferð en við heyrðum í fullt



af fuglum en sáum þá því miður ekki.

Útiöldun

Við lögðum leið okkar í útikennslustofuna okkar fínu, þar höfðum við ákveðið að hita okkur smá kakó og fá okkur kexkökur. Það er alltaf gaman að fá sér smá í gogginn svona úti í náttúrunni. Við mættum þarna með fullt af farangri, en við tókum með okkur prímusa, potta, mjólk, kakó, glös og kex.

Allir fylgdust grannt með þegar það var verið að kveikja upp og byrja að hræra þetta saman, á meðan var verið að fræða börnin um hættuna sem af þessu getur skapast ef ekki er farið rétt með. En allt saman heppnaðist þetta vel hjá okkur og kakóið rann ljúft niður og ekki var leiðinlegt að fá kexkökur með því.

Í kringum útikennslustofuna er margt að skoða, við fundum litrík blóm, steina og þar sem lækurinn rennur þarna við hliðina var ekki leiðinlegt að hoppa og skoppa yfir lækninn og reyna allt hvað við getum til þess að blotna ekki í fætuna, en það tókst nú ekki alveg hjá öllum.

Til stóð að fara aðra ferð í útikennslustofuna og gera pitsur á teini yfir opnum eldi. Búið var að safna greinum og eldivið, en það fengum við að gjöf frá sveitungum okkar. Því miður gátum við ekki látið af þessu verða þar sem veðurguðirnir voru okkur ekki hliðhollir núna á vordögum. Reynt var við tvær dagsetningar, fyrst var rok, rigning og kalt og næst var hífandi rok, þótti það ekki spennandi veður til útiöldunar. Stefnt er að því að gera það strax og grunnskólinn byrjar aftur í haust.

Fjöruferð og listaverka samkeppni

Leið okkar lá niður í fjöru, þar sem ákveðið var að fara í smá listaverkasamkeppni, þannig að öll börnin kepptust við að reyn að gera flottasta listaverkið úr öllu því sem að fjaran hefur að geyma. Við fundum margt skemmtilegt, krabba, kuðunga, skeljar, fallega steina, krossfiska, blöðruþang og annað skemmtilegt til þess að nota í listaverkin sem voru fjölbreytt og skemmtileg.

Margir nýttu það sem umhverfið hafði upp á að



bjóða, bjuggu til kastala og voru með kletta og fossa og til þess var fjara nýtt eins og hún kom frá náttúrunni, kannski búinn til einn sandhóll fyrir kastala og þá var verkið tilbúið. En aðrir leituðu upp hinar ýmsu gersemar í fjörunni og bjuggu til hjörtu og annað skemmtilegt úr því.

Þetta var mjög skemmtileg ferð í fjöruna þar sem við veltum fyrir okkur öllu því sem við fundum í fjörunni og fundum fegrunargildi þess.

Kynning

Verkefnið var kynnt fyrir foreldrum í gegnum tölvupóst þar sem þeim var sagt frá því að við ætluðum að fara í samstarf.

Á leikskólanum voru settir pistlar og myndir sem sögðu frá því sem að við höfðum verið að gera inn á heimasíðuna www.bakkaberg.is

Í Klébergsskóla voru sendar heim fréttir af verkefninu í föstudagspistli kennarans sem hann sendir heim á hverjum föstudegi. Þannig að foreldrar gátu fylgst með því sem við vorum að gera.

Verkefnið var kynnt á sameiginlegum starfsdegi kennara í Grafarvogi. Einnig hefur verkefnið verið kynnt fyrir öðrum starfsfólki skólanna á starfsmannafundi bæði í Klébergsskóla og á Bakkabergi².

Mat og samantekt

Verkefnið tókst í heildina mjög vel og eru báðir skólar staðráðnir í að halda verkefninu áfram. Koma því inn í skipulag á milli leikskólans og grunnskólans. Þrátt fyrir að hafa farið hægt af stað tókst okkur að fara yfir flesta þætti sem fram komu í hugmyndavinnunni í upphafi.

Við teljum að þetta verkefni hafi haft jákvæð áhrif á skólastarfið í heild sinni, bæði fyrir börn, kennara og skólasamfélagið. Það er ekki endilega mælanlegt en við teljum að allt samstarf hafi jákvæð áhrif og ekki



² Sjá fylgiskjal 2

síst þegar skólasamfélagið er ekki stærra en það er á Kjalarnesi. Þarna koma skólarnir saman og vinna að sameiginlegum markmiðum sem tengir þá saman og styrkir þá.

Elstu börn leikskólans koma öruggari inn í grunnskólasamfélagið þegar þau hefja grunnskólagöngu að hausti, þau hafa fengið að kynna skólaumhverfinu, nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum grunnskólans með reglulegum heimsóknum í skólann. Það hjálpar þeim að verða öruggari í þessu nýja umhverfi sem að þau koma í að hausti.

Börnin í 1. bekk fá að halda áfram tengingunni við leikskólann, fá að koma þangað í reglulegar heimsóknir, skoða sitt gamla umhverfi og sjá að starfsfólkið á báðum stöðum treystir hvort öðru sem gefur þeim þau skilaboð að þau geti treyst þeim líka.

Þessu samstarfi á að sjálfsgöðu að halda áfram og styrkja og efla. Með því er hægt að fá góða samfellu í skólastarfið á Kjalarnesi. Verkefnið er hægt að efla og styrkja þannig að það verði hluti af skólastarfinu okkar um ókomna tíð.

Það sem betur hefði mátt fara er foreldrasamstarfið. Það hefði þurft að taka foreldra meira með í verkefnin og virkja þá betur. En verkefnið virðist samt sem áður hafa skilað sér heim til foreldranna þar sem þeir bentu á margt sem börnin hafa sagt þeim um verkefnin og einhverjir eru farnir að flokka rusl af krafti.

Börnin höfðu mjög gaman af þessu, það er alltaf gaman að hittast og voru þau áhugasöm um öll þau verkefni sem þau tóku sér fyrir hendur.

Umsögn frá nokkrum börnum:

- „Það er rosagaman að fá að hitta vinkonur mínar í skólanum“.
- „Við erum að skoða heiminn“.
- „Það er svo gaman að fá að gera verkefni úti, það er svo gaman að vera úti“.
- „Að fara út með fánana í rokinu“.
- „Gaman að fara í útikennslustofuna og búa til kakó og fá kex“.



- „Gaman að fá mömmu í heimsókn í skólann“.
- „Gaman að fara í fjöruna þar finnur maður flotta steina og allskonar dót“.
- „Fara út og reyna að finna alla fuglana“.
- „Nú þekki ég stelk“.

Þegar leitað var til foreldra um skoðun á verkefninu þá kom fram að foreldrar voru mjög ánægðir með þetta samstarf skólanna og þau verkefni sem að lögð voru fyrir.

Umsagnir frá nokkrum foreldrum:

- „Ég er mjög ánægð með þetta verkefni enda er ég mjög græn sjálf og finnst mjög gott að leggja áherslu á náttúruna og að fara vel með hana“
- „Mér finnst frábært að skólinn og leikskólinn skuli vera að vinna saman verkefni um nærumhverfið. Flott tenging milli skólastiga. Ég tel að allir græði á þessu, bæði leikskólabörnin og grunnskólabörnin“.
- „Mér finnst svona verkefni nauðsynlegt í námi barnanna og ég er sjálf náttúrufræðingur og legg ríka áherslu á að það þarf að kenna börnum um lífríkið í náttúrunni, að bera virðingu fyrir náttúrunni, kunna að umgangast náttúruna og kunna henni skil. Það sem ég hef lesið, séð og tekið þátt í með barninu er mjög áhugavert og ég er viss um að börnunum finnst þetta mjög gaman, þau ættu flest öll að vera mjög áhugasöm um þetta“.
- „Gaman hefur verið að sjá verkefni sem þau hafa verið að koma með heim, hvað þau taka mikinn þátt. Drengurinn minn hefur t.d. verið að ræða fuglalífið hérna í kring um okkur og benda okkur á það sem mætti betur fara í flokkun á sorpi! Höfum bara gaman af því og flokkum nú allan pappa frá, eins og mjólkurfernur og þess háttar. Gangi ykkur vel með áframhaldið“.
- „Mér finnst þetta frábært verkefni. Fyrst eflir þetta tengsl leikskólans og grunnskólans og hefur mín haft gaman af því að hitta félagana sína í 2006 árganginum oft yfir veturinn. Ég hef tekið eftir því að á miðvikudögum biður hún oft um að fá að leika við krakka eftir



skóla sem eru árinu yngri eða í hennar tilviki nokkrum mán. yngri þar sem hún er desemberbarn. Einnig trúði ég því að það hljóti að vera auðveldara fyrir leikskólabörnin að koma í skólann á næsta ári.

Útivera og skapandi verkefni sem hafa verið í gangi vekja líka áhuga og nær umræðan um þau verkefni alla leið heim. Örnefni, fuglanöfn, ruslalistaverk og um margt fleira er spjallað yfir kvöldmatnum, sæl og glöð eftir útiveru dagsins. Í síðustu viku kom hún heim og það fyrsta sem hún sagði var: - "Það var svo gaman í skólanum í dag en við lærðum ekki neitt". Við ræddum það nánar og komumst að því að hún lærði heilmikið þótt það væri ekki á blaði eða í bók. Það var líka gaman að koma í skólann og sjá skiltin sem börnin gerðu og fannst mér dásamlegt augnablik þegar bekkjarbróðir hennar kallaði á pabba sinn, horfði yfir Faxaflóa og sagði: "Pabbi sjáðu - við erum að skoða allan heiminn". Ég held að svona verkefni geti ekki stuðlað að öðru en hollu, heilbrigðu viðhorfi til náms, hollri hreyfingu og heilbrigðum anda".

- Mér finnst þetta verkefni hafa tekist vel til, sonur minn er mjög áhugasamur um veðrið hér heima og skilur sumt í veðurfréttunum, hann spjallar um nærumhverfið og veltir fyrir sér hvaðan vindurinn kemur. Hann hefur vandað sig sérlega að teikna veðurfarsmyndir en það að teikna er ekki hans sterka hlið en það má sjá myndir af skýjum og sólin að gægjast á bakvið í söguverkefnum sem tengjast þessu verkefni ekki neitt. Hann er mjög áhugasamur um fugla og hvaða tegundir við erum að sjá ásamt því að hann er að kenna öðrum hvaða tegundir eru í umhverfinu. Þetta verkefni er frábært og vona ég að þetta sé komið til að vera.

Aðrir kennarar sem komu að verkefninu voru einnig spurðir hvað þeim þótti um verkefnið og voru þeir einróma sammála um ágæti þessa verkefnis og fannst það mikilvægur þáttur í tenginu



skólastiganna.

- „Þetta verkefni var skemmtilegt þó að verkefnin hafi verið misjafnlega krefjandi og spennandi. Börnin höfðu gaman af þeim og ég sé hvernig þetta styrkir þau og er viss um að við fáum sterkari einstaklinga upp í grunnskólann að ári, þar sem þeir þekkja orðið umhverfið vel og sjá traustið sem er á milli þessara tveggja menntastofnanna“.



Lokaorð

Þróunarverkefninu er nú formlega lokið þó svo að stefnt sé að því að halda verkefninu áfram. Verkefnið tókst á heildina litið mjög vel og allir sem að því komu ánægðir með þetta starf.

Það sem stendur upp úr eftir þessa vinnu eru nemendur sem vita meira um nærumhverfi sitt, eru áhugasöm um náttúruna og dýralífið í kringum okkur. Gaman var að sjá hvað börnin sökkту sér í verkefnin og sýndu þeim mikinn áhuga.

Það kom okkar á óvart hvað mikið af þeirri vitneskju sem börnin náðu sér í við vinnslu verkefnanna skiluðu sér heim og höfðu jafnvel áhrif á viðhorf foreldranna.

Þetta var mjög skemmtileg vinna sem bæðu börn og kennarar lærðu mikið af og henni verður viðhaldið þar sem samstarfi skólanna beggja er mikilvægt í smæðinni „úti á landi“.

Þetta er mikilvægt fyrir börnin sem eru að fara að hefja skólagöngu sína í grunnskóla að mynda þessi tengsl við skólann. Einnig teljum við mikilvægt að halda samstarfi við leikskólann fyrir börnin sem að byrjuðu í grunnskóla í haust, þá sjá þau það traust sem að skólarnir sýna hvor öðrum og þekkja umhverfið.

Heimildir

Aðalnámsskrá grunnskóla 2011, almennur hluti. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Cornell, Joseph. 1989. *Sharing Nature with Children II.* Dawn Publications, USA.

Wikipedia. 2012. *List28.* Sótt 28. maí 2012 á <http://is.wikipedia.org/wiki/List>

Þorvaldur Örn Árnason. 1998. *Umhverfismennt fyrir foreldra, stjórnendur, fagmenn og áhugafólk um umhverfismál.* Aðstoð sf.

Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar. 2010. *Skólahald á Kjalarnesi, tillögur starfshóps.* Sótt 28. maí 2012 á http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/skjol/Skyrsla_Kjalarnes_6sept2010.pdf

Fylgiskjal 1

Fylgiskjal 2

Markmið

Umhverfisvænt skólasamfélag á Kjalarnesi

- Efla samstarf leik- og grunnskólans
- Að nemendur kynnist og þekki nær-umhverfi sitt
- Flétta saman umhverfismennt og útinámi við listir og skapandi starf
- Virkja foreldra í umhverfisvernd

